

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. febrúar til 31. mars 1981, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á 7 sjómílna breiðu svæði utan við línu, sem dregin er úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V, vestur og norður um í 5 sjómílnafjarlægð frá Geirfugladrang í punkt 64°04'9 N, 23°45'0 V og þaðan í 270° réttvisandi. Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er 213° réttvisandi úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. febrúar til 15. maí 1981, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvisandi 270° frá Stafnesvita í punkt 63°58'3 N, 23°40'5 V og þaðan í eftirgreinda punkta:

- A. 64°04'9 N, 23°45'0 V
- B. 64°04'9 N, 23°42'0 V
- C. 64°20'0 N, 23°42'0 V og þaðan í 90° réttvisandi.

3. gr.

Á tímabilinu 20. mars til 15. maí 1981, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu, bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- A. 63°10'0 N, 22°00'0 V
- B. 63°25'3 N, 22°00'0 V
- C. 63°33'7 N, 23°03'0 V.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá 1. febrúar 1981, fellur úr gildi reglugerð nr. 547 10. október 1980, um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. janúar 1981.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson